

**Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU - 81. fundur
haldinn í fjarfundi, 26. nóvember 2020
og hófst hann kl. 9:00**

Fundinn sátu:

Björgvin Skafti Bjarnason formaður, Hrafnkell Guðnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Helgi Kjartansson og Jóhannes Símonarson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Dagskrá:

1. Samningur við Héraðsskjalasafn Árnassýslu.

Samningur UTU við Héraðsskjalasafn Árnassýslu um skönnun og vistun á gögnum rennur út um áramót. Stjórn sammála um að óska eftir framlengingu á samningnum á sömu nótum og hann hefur verið.

2. Ársfundur UTU.

Stjórn samþykkir að halda ársfund UTU föstudaginn 11. desember kl. 13 í fjarfundi á Teams. Jóhannesi falið að undirbúa fundin og senda út fundarboð til kjörinna fulltrúa og sveitarstjóra sveitarfélaganna.

3. Samþykktir UTU.

Aðildarsveitarfélög UTU fengi athugasemdir frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu vegna samþykta byggðasamlagsins. Athugasemdirnar fólu í sér að skýra þurfi betur eignahluti sveitarfélaganna í samþykktunum. Stjórn felur Jóhannesi að taka saman og leggja fyrir stjórn lagfæringar á samþykktunum.

4. Fjárhagsáætlun UTU 2021.

Jóhannes og Ingibjörg fóru yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Niðurstöðutala hennar er 169.521.649 sem skiptist niður á sveitarfélögin samkvæmt samþykktum hlutföllum. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

5. Húsnæðismál UTU.

Farið var yfir gögn varðandi málið og hlutirnir ræddir. Stjórn samþykkir að óska eftir frekari gögnum frá Bláskógabyggð og vinna málið áfram. Málið verður svo rætt frekar á stjórnarfundi 9. desember nk.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Björgvin Skafti Bjarnason

Hrafnkell Guðnason

Helgi Kjartansson

Halldóra Hjörleifsdóttir

Ingibjörg Harðardóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir